

Helga Jónsdóttir bæjarstýra

**Ársreikningur Fjarðabyggðar 2009**  
**Fyrri umræða í bæjarstjórn**  
**29. apríl 2010**

Ársreikningur Fjarðabyggðar fyrir árið 2009 er hér lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn en eins og sveitarstjórnarlög kveða á um verður fjallað um hann á tveimur fundum í bæjarstjórn. Seinni umræða um ársreikninginn verður á bæjarstjórnarfundi 6. maí n.k.

Ég ætla að fara yfir nokkur þau atriði sem ég tel ástæðu til að vekja athygli bæjarstjórnar á fyrir afgreiðslu reikningsins. Síðan gerir Björgvin Valdimarsson fjármálastjóri grein fyrir helstu niðurstöðum ársreikningsins og í framhaldinu kynnir Magnús Jónsson endurskoðandi hjá KPMG endurskoðunarskýrsluna.

Sé rekstur A og B hluta í ársreikningum 2008 og 2009 borinn saman eru hlutfallsbreytingar ekki miklar nema hvað fjármagnsliði snertir. Rekstrartekjur lækka um 0,4% en rekstrargjöld vaxa um 2,1% á sama tíma og verðbólga hækkar um 12% milli ára. Þannig leiða hagræðingaraðgerðir og aðhald til verulegrar raunlækkunar rekstrargjalda. Fjármagnsliðir eru neikvæðir um 941 mkr. en voru neikvæðir um 2.005 mkr. árið 2008. Rekstrarniðurstaða A og B hluta í ársreikningi 2009 er neikvæð um 571 mkr. miðað við neikvæða niðurstöðu um 1.544 mkr. á árinu 2008.

Þessi samanburður úr rekstrareikningum A og B hluta áranna 2008 og 2009 segir einn og sér lítið. Ekki síst af því að fjármagnsliðir eru miklum breytingum undirorpnir í þessu árferði og vega svo þungt. Þess vegna er fróðlegt að velta fyrir sér niðurstöðu ársreiknings í samanburði við fjárhagsáætlun og einangra fjármagnsliðina frá rekstrarliðum að öðru leyti. Á árinu 2009 var fjárhagsáætlun endurskoðuð í júní með það að markmiði að lækka útgjöld frá upphaflegri fjárhagsáætlun. Í því sem ég drep á hér á eftir verður samanburður gerður milli ársreiknings og endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar en ekki við þá upphaflegu.

A og B hluti ársreiknings sýna samtals neikvæða niðurstöðu um 571 mkr. á árinu 2009 en endurskoðuð fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu um 171 mkr. Í tölunni er að finna niðurstöður ársins bæði hvað snertir hefðbundin rekstrarútgjöld og rekstrartekjur og fjármagnsgjöld og fjármunatekjur sem skila óvenjulegum niðurstöðum eins og nú stendur á. Misræmið milli niðurstöðu og áætlunar má að langmestu leyti rekja til þess að forsendur sem hafa áhrif á fjármagnskostnað þ.e. verðlag og gengi, stóðust ekki. Þegar mælt var fyrir fjárhagsáætlunarfrumvarpi var lögð áhersla á að forsendur í þessu efni væru sóttar í opinberar spár fjármálaráðuneytis og Seðlabanka enda ekki við annað betra að styðjast. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 13% verðbólgu á árinu og að gengið myndi styrkjast í átt að gengisvísitalunni 170 við lok fyrsta ársfjórðungs. Í árslok var gengisvísitalan 232,8 en verðbólga hækkaði um 12% milli ára. Fyrir afkomu A og B hlutans þýddi það 339 mkr. fjármagnskostnað umfram áætlun vegna gengis- og verðlagsþróunar.

Rekstrartekjur urðu 4.082 mkr. en endurskoðuð fjárhagsáætlun miðaðist við 3.765 mkr. Tekjur voru þannig 317 mkr. eða 8,4% umfram það sem gert var ráð fyrir. Þessi reikningur staðfestir með afgerandi hætti styrk Fjarðabyggðar – þ.e. að tekjupóstarnir standa vel og hafa vaxið og áhrifa fjármálahrunsins á vinnumarkað gætir í minna mæli en víðast. Sú staðreynd að hér eru meðaltekjur útsvarsgreiðenda þær hæstu í sveitarfélögum landsins er sveitarsjóðnum ákaflega mikilvæg. Gott gengi útflutningsgreinanna og hátt atvinnustig er það

sem mestu máli skiptir fyrir bæjarfélagið. Afkoma Fjarðabyggðarhafna byggist líka á því og við blasir hversu mikill styrkur hafnanna er fyrir atvinnustarfsemi og mannlíf. Fjarðabyggðarhafnir hafa ekki bara fjárfest í þágu stóru fyrirtækjanna í bæjarfélaginu heldur líka fyrir eigendur smærri báta og smábátaútgerð. Ekki má gleyma ákvörðun Fjarðabyggðarhafna um þátttöku í samtökum sem vinna að móttöku skemmtiferðaskipa. Með því verður rennt stöðum undir nýja, mannaflsreka þjónustugrein þar sem Fjarðabyggð getur boðið afar margt fram fyrir farþegana, áhafnirnar og skipin.

Rekstrargjöld námu 3.713 mkr. þ.e. 309 mkr. umfram endurskoðaða fjárhagsáætlun eða 8%. Meðal áberandi hækkana á árinu 2009 var orkukostnaður sem hækkaði um 31 mkr. frá áætlun. Vert er að vekja athygli á því sem fram kemur í skýrslu endurskoðenda að margar hagræðingaraðgerðir á árinu 2009 þörfuðust umtalsverðs undirbúningstíma og árangur þeirra kom fyrst fram á síðustu mánuðum ársins. Þannig mun áhrifa aðgerða til að lækka launakostnað gæta allt árið 2010 en þau komu ekki fram fyrr en á síðasta hluta ársins 2009. Aðrar aðgerðir eins og fækkun funda og þrengri ferðaheimildir skiluðu sér fyrr. Við endurskoðun launakostnaðar inn í framtíðina þurfti á árinu 2009 að gera upp ýmis áunnin réttindi sem féllu til gjalda og höfðu áhrif á árinu 2009. Þar var um að ræða umtalsverð útgjöld og að auki leiddi hækking tryggingagjalds til 12 mkr. útgjaldaauka á síðari hluta ársins. Kjarasamningsbundnar launahækkningar sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun tóku aðeins til lægstu launa og höfðu útgjöld þeirra vegna því ekki veruleg áhrif á niðurstöðu.

Óbein niðurfærsla krafna nam 97 mkr. í árslok samanboreið við 47 mkr. í árslok 2008. Ekki er um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótveikningur til að mæta kröfum sem kunna að tapast. Gera verður ráð fyrir að innheimta krafna þyngist almennt næstu misserin samhliða erfiðleikum í efnahagslífinu. Á það bæði við um kröfur á hendur fyrirtækjum og einstaklingum. Þessi staðreynd minnir okkur á að því eru skorður settar hversu langt gengið verður í hækkingu skatta og þjónustugjalda á íbúa.

Veltufé frá rekstri nam 403 mkr. sem er 11 mkr. lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Veltuféð segir til um hversu mikið lausafé verður eftir af rekstri þegar búið er að borga alla reikninga. Það er m.a. notað til að greiða afborganir lána og til fjármögnunar á fjárfestingum. Því herra sem veltuféð er því meiri er fjárhagsleg geta til að standa undir skuldbindingum og takast á við sveiflur í rekstri. Beint samhengi er því milli hagræðingaraðgerða og veltufjár og þar með hæfni sveitarfélagsins til að greiða niður skuldir sínar. Samkvæmt sjóðstreymisyfirliti 2009 nam veltufé frá rekstri A og B hluta 403 mkr. samanboreið við 613 mkr. á árinu 2008. Handbært fé hækkaði um 293 mkr. á árinu og nam 350 mkr. í árslok 2009. Fjarðabyggð hefur aldrei lent í greiðsluferfiðleikum og raunar aldrei þurft að draga á yfirdráttarheimild sem sveitarfélagið á hjá viðskiptabanka sínum.

Óvenjuleg mál, sem nefna má eins skiptis mál, vega mjög þungt á árinu 2009. Má þar tiltaka að lífeyrisskuldbinding hækkar um 162 mkr. vegna yfirtöku á lífeyrisskuldbindingum Sparisjóðs Norðfjarðar. Á móti kemur stofnfé í Sparisjóðnum að fjárhæð 140 mkr. sem fær er til eignar í ársreikningi. Mismunur að fjárhæð 23 mkr. er færður sem krafa á hendur sparisjóðnum í efnahagsreikningi.

Í endurskoðunarskýrslu með ársreikningi síðasta árs kom fram að skilanevnd Landsbanka Íslands hefði gert kröfu á Fjarðabyggð um greiðslu skuldar að höfuðstól 163 mkr. vegna lokunar afleiðu- og gjaldeyrissamninga sem bankinn hafði umsjón með fyrir hönd sveitarfélagsins. Sveitarfélagið mótmælti kröfunni og á árinu 2009 átti lögmaður þess í samningaviðræðum við skilanevndina. Heildarkrafa skilanevndarinnar með vöxtum nam 226

mkr. í árslok 2009. Í reikningnum sem hér er lagður fram er gert ráð fyrir að ljúka megi málinu með samningi um greiðslu að fjárhæð 125 mkr. Fyrir bæjarráð á þriðjudag verður lögð tillaga að nýjum samningi þannig að endanleg tala mun liggja fyrir við afgreiðslu ársreikningsins 6. maí n.k.

Breytingar á reikningsskilum sveitarfélaga varðandi færslu leigusamninga til meira en þriggja ára hafa veruleg áhrif á ársreikning 2009. Hingað til hafa þessar færslur verið taldar skuldbindingar utan efnahags en þær námu í ársreikningi 2008 2.469 mkr. Þær fasteignir í langtímanotkun Fjarðabyggðar sem færðar hafa verið sem skuldbindingar utan efnahags eru: Sundlaug á Eskifirði, Fjarðabyggðarhöllin, líkamsræktarstöð, slökkvistöð, Molinn og Melgerði 13. Í leigusamningum hefur sveitarfélagið kauprétt bæði innan og í lok leigutíma. Þessar breytingar á reikningsskilum byggjast á gildum rökum. Eðlismunurinn á því hvort sveitarfélagið stóð sjálft að byggingu mannvirkja eða gerði samninga við fasteignafélög um byggingu þeirra, leigu til langs tíma og kauprétt, er ekki slíkur að hann réttlæti mismunandi færslur í ársreikningi. Þannig spegla hin nýju reikningsskil eiginfjárhagsstöðuna með réttari hætti. En það verður þó að hafa á því skilning að áhrifin á eiginfjárstöðu í ársreikningi eru neikvæð. Áhrif breyttra reikningsskila vegna leigusamninganna eru þau að eigið fé sveitarfélagsins telst lækka um 871 mkr. í árslok 2009. Önnur breyting á reikningsskilum er sú að sveitarfélagið færir nú til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af. Lóðir og lendur sveitarfélagsins eru endurmetnar til gangvirðis og sem betur fer býr Fjarðabyggð vel í þessu efni. Vegna þessarar breytingar hækkar eigið fé um 687 mkr. Samanlagt hefur ný reikningsskilaaðferð ein og sér því í för með sér lækkun eiginfjár Fjarðabyggðar árið 2009 um 184 mkr.

Eigið fé er mismunur eigna og skulda í reikningnum og ein þeirra stærða sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga fylgist grannt með. Eigið fé A og B hluta var neikvætt um 626 mkr. í árslok 2009 og eiginfjárlutfall neikvætt um 5,6% samanborið við 1,5% jákvætt eiginfjárlutfall í árslok 2008. Ástæða er til að beina athygli bæjarstjórnar að því að ákveðins misræmis gæti í því hvernig eignir og skuldir þróast í ársreikningum. Skuldir færast upp og hækka miðað við breytingar á gengi og vísitölu. Þannig eru verðbólguáhrif til hækkunar á höfuðstól verðtryggðra lána 417 mkr. og gengistapið 142 mkr. árið 2009. Eignir sem fjármagnaðar voru með lánunum eru hins vegar afskrifaðar og lækka því að verðmæti ár frá ári. Sveitarfélög, sem tekið hafa mikil lán á síðustu árum, búa við erfiða eiginfjárstöðu þótt lánsféð hafi verið fest í nauðsynlegum mannvirkjum sem nýtast munu um áratugi og jafnvel aldir ef þeim er vel við haldið. Þannig dettur engum í hug að skólarnir, leikskólarnir og íþróttamannvirkin, sem byggð voru fyrir lánsfé, gegni ekki hlutverki sínu áratugum eftir að lánin verða að fullu greidd. Lán Fjarðabyggðar eru að langstærstum hluta til 15 ára eða skemmri tíma og greiðslubyrðin af þeim afar þung nú eftir þær breytingar sem orðið hafa á gengi og verðlagi. Í venjulegu árferði ætti augljóslega að endurfjármagna sumar byggingarnar og dreifa lánstíma á fleiri ár. Vandinn er sá að lánskjör á markaði hafa verið mun verri en þau lánskjör sem um var samið þegar lán voru tekin á sínum tíma. Þess vegna verður að halda áfram að hagræða og spara í rekstri sveitarfélagsins og jafnframt að leggja allt kapp á að styrkja tekjugrunn með fleiri öflugum fyrirtækjum og íbúum. Vonandi horfum við þó innan tíðar á betri stöðu á lánsfjármörkuðum þannig að okkur verði kleift að endurfjármagna einhvern hluta fjárfestinga með skynsamlegum hætti.

Rekstur sveitarfélags krefst ábyrgðarkenndar gagnvart íbúum og felur í sér sífellda viðleitni til að búa þeim kjöraðstæður en fara jafnframt vel með fjármuni þeirra. Skuldsetningu þessa sveitarfélags má rekja til uppbyggingar sem nauðsynleg var nýjum fyrirtækjum á staðnum og til að búa í haginn fyrir íbúa og laða að nýja. Styrkur sameinaðrar Fjarðabyggðar er mikill og

ekkert bendir til annars en tekjugrunnur sveitarfélagsins haldi áfram að eflast og styrkjast ef svo fer fram sem horfir. Bæjarstjórn hefur brugðist við aðstæðum sem hún hefur ekki á valdi sínu með festu og ábyrgð bæði hvað fjárfestingar og rekstur snertir.